

## 9. fundur í háskólaráði Landbúnaðarháskóla Íslands

haldinn að Reykjum þriðjudaginn 14. júní kl. 12:00. Fundinn sátu eftirtaldir fulltrúar: Ari Teitsson, Hákon Sigurgrímsson, Emma Eyþórsdóttir, Stefán Kalmannsson, Jón Torfi Jónasson, Jón Örvar Jónsson, og Ágúst Sigurðsson. Þorvaldur T. Jónsson ritaði fundargerð.

Dagskrá hófst með hádegisverði og kynningu Guðríðar Helgadóttur deildarstjóra á starfseminni á Reykjum. Að lokinni skoðunarferð um helstu húsakynni var gengið til eftirfarandi dagskrár:

1. Fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir bárust, fundargerðin borin upp og samþykkt.
2. Staða mála og eftirfylgni frá síðasta fundi. Viðræður um stofnanasamninga eru að fara af stað aftur eftir nokkurt hlé. Rekstraryfirlit fyrstu fjögurra mánaða ársins er samkvæmt áætlun að öðru leyti en því að sértekjur tímabilsins eru lægri en búist var við í áætlun. Skýrist það að hluta til amk af árstíðabundinni sveiflu sem ekki var gert ráð fyrir í áætluninni. Ekki hafa verið gerðar beinar tillögur um hvernig mæta eigi hluta þeirra skulda sem Lbhí tekur við af fyrri stofnunum og samþykkt að háskólaráð óski eftir fundi með Landbúnaðarráðherra og fulltrúum landbúnaðarráðuneytisins um málið. Aðsókn að háskólanum er allgóð og í samræmi við væntingar. Bjarni Diðrik Sigurðsson hefur verið ráðinn í stöðu prófessors í skógfræði og mun hefja störf innan skamms.
3. Yfirlýsing um forsendur og frelsi háskóla. Rektor lagði fram tillögu að sameiginlegri yfirlýsingu íslenskra háskóla sem fjallar um hlutverk háskóla, akademískt frelsi, stjórnun og fjármál. Miklar umræður spunnust um frelsi starfsmanna til að velja sér viðfangsefni. Háskólaráð samþykkir yfirlýsinguna en ályktar jafnframt að nauðsynlegt sé að þróa innihald hennar áfram einkum með það í huga að skýra betur samhengi frelsis í vísindastörfum við fjárhagslega ábyrgð. Þá var einnig bent á þær skyldur sem V. kafli laga nr. 64 / 1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna leggur Landbúnaðarháskóla Íslands á herðar.
4. Samstarfsnet háskóla. Rektor lagði fram tillögu að skipulagsskrá samstarfsnets háskóla á Íslandi. Fundarmenn töldu að hér væri um framfaramál að ræða og samþykktu tillöguna.
5. Stefnumótun. Rektor reifaði hugmyndir að stefnumótun fyrir Lbhí. Jón Torfi óskaði eftir því að lögð yrði fyrir háskólaráð skýrsla um framtíð Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, sem unnin var af nefnd á vegum landbúnaðarráðuneytis 2003 (Nefndarmenn: Sveinbjörn Eyjólfsson, Einar Oddur Kristjánsson, Jón Torfi Jónasson). Samþykkt að þau gögn sem unnin hafa verið undanfarin ár og geta nýst við stefnumótun verði gerð aðgengileg t.d. á innri vef stofnunarinnar. Fram kom að nauðsynlegt sé að ræða framtíð Lbhí samhliða umræðu um framtíð stoðkerfis landbúnaðarins í heild. Hákon benti á að nýbúið væri að endurskoða búnaðarlagasamning. Þar kemur fram í bókun að ræða skuli í

samstarfi Lbhí og bændasamtakanna hvernig best sé að nýta þær 100 milljónir sem renna til ráðgjafastarfs í landbúnaði. Nauðsynlegt er að skoða stefnumótunina út frá sjónarhóli stofnunarinnar í samhengi við þarfir landbúnaðarins. Rætt um mikilvægi þess að byggja upp hagfræðipækkingu og þekkingu á alþjóðlegri þróun í landbúnaði. Rektor falið að móta verkefni um uppbyggingu þessara þátta og að þau verði kynnt ráðherra.

Rætt um ýmsar forsendur stefnumótunar, markmið og forsendur. Markmið að fjölga nemendum, þjónusta þá sem starfa við hefðbundinn landbúnað, ekki síst þá sem fást við leiðbeiningar og ýmsa þjónustu við landbúnaðinn. Þá er mikilvægt út frá fjárhagslegum forsendum og til að skapa öflugt starf að móta stefnu um staðsetningu/sameiningu rekstrareininga. Ari benti á þann möguleika að Bændasamtök Íslands flytji að hluta til á Keldnaholtið. Umræðu um stefnumótun verður haldið áfram á næstu fundum.

6. Önnur mál. Jón Örvar spurði hvenær von væri á nýrri heimasíðu skólans. Fram kom að búið er að ráða nýjan verkefnisstjóra að heimasíðu og von á gagngerum breytingum á efni og útliti síðunnar. Jón Örvar spurði einnig um aðgang að fundargerðum háskólaráðs og verða þær gerðar aðgengilegar á netinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30